

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

1. *Breyting á deiliskipulagi Árness, færsla á endurvarpsstöð á lóð við tjaldsvæði.*
Í breytingunni felst að endurvarpsstöð sem nú er staðsett á lóðinni Bugðugerði 1 verður færð á nýja 200 m² lóð við tjaldsvæðið, um 105 m vestan við sundlaugina. Fjarskiptamastríð er 30 m hátt og auk þess verður heimilt að reisa um 15 m² tækjahlús á lóðinni.
Samþykkt í sveitarstjórn 8. janúar 2013.
2. *Deiliskipulag fyrir smábýlalóðina Leiti.*
Á skipulagssvæðinu sem er um 3,9 ha að stærð er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir allt að 250 m² hesthús, byggingarreit fyrir allt að fjögur 35-40 m² frístundahús og að Leitisvegur verði framlengdur frá núverandi húsi.
Samþykkt í sveitarstjórn 2. október 2012.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 13. mars 2013.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 2. apríl 2013